

Stjórnarfundur í Landsmót ehf 8. feb 2019.

Mættir Ólafur Þórisson, Lárus Ástmar, Ágúst Hafteinsson og Sveinn Steinarsson.

1. Kynnt fyrir stjórn formlegt uppgjör milli LM og Hestamannafélagsins Fáks vegna landsmótsins 2018. Uppgjörið er á grunni samnings og viðauka sem gerður var milli aðila. Enn vantar þó skýrslu/ greinargerð um mótið sem og rekstrarniðurstöðu en þeim skýrslum ber að skila á þessu ári.
2. Farið yfir samninga við Rangárbakka en fyrir fundinum liggur undirritaður viðauki við áðurgerðan samning og er samningsgerð formlega lokið.
3. Stjórnin fjallað um landsmótið 2022 en fyrir liggur viljayfirlýsing varðandi mótið milli LM og Hestamannafélagsins Spretts. Ákveðið að stjórn fundi fljótlega með forsvarsmönnum Spretts og ræði næstu skref.
4. Farið yfir stöðu myndbandaverkefnis LM og WF. Ánægjulegt að sjá að stöðugt fjölgar þeim sem hafa aðgang að myndabankanum og verkefnið því farið að hafa tekjur til að standa undir kaupum á myndefni og vinnslu sem aftur þýðir að stöðugt eykst að myndefnið í myndabankanum. Einnig rætt mikilvægi þess að klára að endurskoða samning milli LM og BÍ/ WF varðandi samstarfið.
5. Gjaldkeri gerir grein fyrir fjárhagsstöðu félagsins, sem er ágæt og í samræmi við áætlun.
6. Stjórnarmenn sammála því að halda utanum helstu gögn félagsins, fundargerð, ársreikning og fl með sýnilegum hætti á heimasíðu LH undir flipa merktum LM.
7. Rætt um dagsetningu næsta aðalfundur félagsins, og var niðurstaðan sú að stefnt skuli að fundi í mars n.k.

Önnur mál :

Farið var yfir að auglýsa þarf eftir áhugasömum mótshöldurum 2024 og er stefnt að því að gera það fljótlega.